

# Heiðursmannaviðurkenning veitt fyrir farsælt ævistarf

## *Friðrik Sveinn Kristinsson byggingartæknifræðingur*

Friðrik er fæddur í Reykjavík árið 1946. Árið 1962 hóf hann nám í húsasmíði þá 16 ára, og lauk sveinsprófi 1966.

Í beinu framhaldi af sveinsprófi hóf hann nám við Tækniskóla Íslands, og lauk B.Sc. prófi í Byggingartæknifræði frá þeim skóla árið 1971, með lagnir og loftræstingu sem valgrein.

Friðrik hefur síðan þá unnið við hönnun lagna- og loftræstikerfa, í 43 ár.

Eftir námið í Tækniskólanum 1971, hóf hann störf hjá verkfræðistofunni Önn sf. hjá Gunnari Pálssyni og vann þar í 16 ár, til 1987, svo til eingöngu við hönnun á sviði lagna- og loftræsikerfa. Friðrik fékkst við mörg fjölbreytileg verkefni á tíma sínum hjá Önn, þar sem unnið var að mörgum áhugaverðum og krefjandi verkefnum.

Árið 1987 hóf Friðrik störf hjá Lagnatækni og hefur starfað þar síðan. Fljótlega eftir komuna til Lagnatækni lágu leiðir saman í starfi með Sæbirmi Kristjánssyni. Forsjá og Lagnatækni áttu ánægjulegt samstarf í hönnun Endurreisnar Þjóðleikhússins í kringum 1990.

Sama var upp á teningnum í gerð Safnahússins í Reykjavík við Tryggvagötu. Sú vinna hefur síðan haldið farsællega áfram eftir að þeir hófu samstarf hjá Lagnatækni. Hjá Lagnatækni hefur Friðrik í gegnum tíðina stýrt hönnun á fjölda Skóla- og Íþróttamannvirkja, Menningarbygginga og hinum ýmsu lðnaðarbyggingum.

Allt frá tíma sínum hjá Önn hefur Friðrik fengist við hönnun tengdum heilbrigðisgeiranum og nú síðustu ár fékkst hann við forhönnun á nýjum Landsspítala Íslands. Hjá Lagnatækni tók Friðrik við viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk fyrir Rannsóknarbyggingu Actavis í Hafnarfirði 2006.

Friðrik sat í undirbúningsnefnd að stofnun Lagnafélags Íslands. Þá sat hann í stjórn þess 1989 til 1990 og aftur 2001 til 2002. Þá var hann fulltrúi í Gæðamatsráði og Byggingarstaðlaráði um árabíl þar sem hann tók þátt í staðlagerð á lagnasviði í fagnefnd. Samhliða þessu hefur Friðrik tekið þátt í fjölmörgum fyrirlestrum og ráðstefnum hjá Lagnafélaginu.

Verkefni á starfsferli hafa verið mjög fjölbreytt og gefandi, sem hafa stöðugt leitt til framfara í leit að framþróun í lausnum á því sviði sem starfið nær yfir.

Friðrik segir það gæfu að öðlast þann lífsferil að fá að upplifa ánægju í starfi og tilhlökkun að mæta nýjum verkefnum.

Friðrik er kvæntur Þóru Jakobsdóttur og eiga þau saman þrjú börn, tvo syni og eina dóttur, en fyrir átti Friðrik eina dóttur.



*Friðrik S. Kristinsson.*